

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. desember 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-92/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið hennar A. Gerir hún kröfu til þess að fyrirtækið Y bæti úr þeim galla sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 16. nóvember sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 30. nóvember. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 10. desember sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina af Z og samkvæmt gögnum fóru kaupin fram 31. mars 2005. Bifreiðin hafi verið nýskráð 31. mars 2005. Hinn 12. mars 2009 hafi verið búið að aka henni 12.041 km en þá hafi hún verið skoðuð hjá Y. Þá hafi um skeið logað ljós í mælaborði sem hafi gefið bilun til kynna og hún viljað láta kanna. Sér hafi verið tjáð að ABS bremsukerfið virkaði ekki þar sem tölva sem stýrði því væri ónýt. Viðgerð myndi kosta sjö til áttahundrað þúsund krónur. Þjónustufulltrúi hefði kannað hvort umboðið myndi greiða þennan kostnað í ljósi þess hve lítið bílnum hefði verið ekið. Um miðjan september hefði þjónustufulltrúinn hringt og sagt að umboðið myndi greiða 80% af verði varahluta þannig að í hennar hlut kæmu 20% af verðinu auk kostnaðar við vinnu við ísetningu sem myndi verða u.þ.b. kr. 210-220 þúsund krónur. Reyndar kemur fram í álitsbeiðni að ísetning muni kosta ca 60.000 og varahlutir kr. 540.000 þannig að álitsbeiðandi segir að í sinn hlut myndi koma kr. 168.000.

Álitsbeiðandi kveðst telja að umboðinu Y beri tvímælalaust að bæta þennan galla á bifreiðinni að fullu, en bifreiðin hljóti að teljast gölluð þó hún ekki 12.000 km akstur. Álitsbeiðandi vísar til 27. gr. laga nr. 48/2003 kröfum sínum til stuðnings.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, en Y hefur atvinnu sína m.a. af því að selja bifreiðir.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila en til þess hefur hún heimild samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Y. hefur ekki nýtt sér rétt sinn til að svara kröfum álitsbeiðanda sem fyrirtækinu var gefinn með bréfi kærunefndarinnar, dags. 16. nóvember sl. Að því er atvik málsins varðar verður kærunefndin því að byggja á því sem fram kemur í álitsbeiðni og gögnum málsins.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina af Z. Verður að gera ráð fyrir að það fyrirtæki hafi verið eigandi bifreiðarinnar á sínum tíma og hefði því getað gert kröfur á hendur Y hefði sá galli sem álitsbeiðandi lýsir komið fram á eignartíma þess. Álitsbeiðanda hefði og verið heimilt lögum samkvæmt að gera kröfu vegna gallans á hendur Z. Hins vegar er það svo að samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 48/2003 getur neytandi borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans yrði höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur söluhlutinn frá fyrri söluaðila. Álit kærunefndarinnar er því það að álitsbeiðandi eigi rétt á að beina kröfum sínum að Y sem fyrsta seljanda bifreiðarinnar. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort fleiri en álitsbeiðandi og Z hafi verið eigendur bifreiðarinnar frá því að Y seldi hana nýja sem innflytjandi hennar.

Samkvæmt tölvupósti frá starfsmanni Y frá 26. október sl. þarf að skipta um „ABS unit“ og að verð varahlutar af því tagi sé um kr. 540.000 og vinna við ísetningu um kr. 60.000, en fyrirtækið hefur boðist til að greiða 80% af verði varahlutarins.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eru svohljóðandi ákvæði:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Jafnframt er neytanda heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Eins og fyrir segir fer um réttarstöðu aðila samkvæmt lögum nr. 48/2003 og þar með ofangreindum ákvæðum þeirra. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins var bifreið álitsbeiðanda nýskráð 31. mars 2005. Líta verður svo á að hún hafi kvartað undan galla á bifreiðinni þegar hún var skoðuð hjá Y 23. mars 2009. Samkvæmt því var bifreiðin þá rétt um fjögurra ára gömul og almenni 2 ára kvörtunarfresturinn því liðinn. Kemur því til skoðunar hvort líta megi svo á að svokölluðu „ABS unit“ megi ætla verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti eins og segir í 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Þegar um bifreið er að ræða verður mat á slíku ekki

einvörðungu byggt á aldri viðkomandi bifreiðar heldur verður einnig að líta til þess um hvern hluta hennar er að ræða og hve mikið bifreiðin hefur verið notuð. Í því tilviki sem hér um ræðir hafði bifreið álitsbeiðanda ekki verið ekið meira en rétt rúmlega 12.000 km þegar gallinn kom fram í henni og hún að því leyti „sem ný“ eins og gjarnan er tekið til orða. Þegar litið er til þess verður að ætla hlut sem „ABS unit“ lengri líftíma en 4 ár. Samkvæmt framangreindu er það álit kærunevndarinnar að í því tilviki sem hér um ræðir beri Brimborg ehf. að kosta kaup á varahlutum og ísetningu hans.

V

Álitsorð

Y ber að kosta kaup og ísetningu á „ABS unit“ í bifreið álitsbeiðanda, X að fullu.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir